

Mannauðsstefna Rafal

Tilgangur og markmið

Mannauðstjóri er ábyrgðarmaður stefnunnar og ber ábyrgð á að starfsmenn fyrirtækisins þekki hana og framfylgi henni.

Rafal leggur ríka áherslu á að vera lifandi og skemmtilegur vinnustaður fyrir fólk á öllum aldri, þar sem starfsmenn upplifi sig sem mikilvægan hluta af stórri og metnaðarfullri stefnu Rafal. Gildin séu höfð að leiðarljósi sem eru samstaða, traust, ástríða og hugrekki. Áhersla sé lögð á framúrskarandi hæfni og þekkingu til komast til móts við framtíðaráskoranir. Rafal sé fjölbreyttur vinnustaður þar sem allir fái að njóta sín. Markmið Rafal er að styrkleikar hvers og eins fái að njóta sín í starfi. Með þetta að leiðarljósi vill Rafal hafa yfir að ráða hæfum, áhugasömum og framsæknum starfsmönnum í þau verkefni sem upp koma.

Megináherslur

- Að ráða besta fólkið
- Að Rafal sé fjölbreyttur vinnustaður
- Að hafa hvetjandi starfsumhverfi
- Að þekking og fræðsla sé í fararbroddi
- Að styðja við jafnrétti og jafnlaunastefnu
- Að starfsmenn mæli með Rafal sem besta vinnustaðnum
- Að hugað sé að öryggi starfsmanna, umhverfis og boðið upp á góða vinnuaðstöðu